

Nr. 072 / 13 Krían ÍS 105**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 6987
Smíðaður: Hafnarfjörður 1987, plast
Stærð: 5,77 brl. 5,06 bt.
Mesta lengd: 7,99 m Skráð lengd: 7,90 m
Breidd: 2,62 m Dýpt: 1,47 m
Vél: B.m.w 33kW, 1986
Fjöldi skipverja: 1



Krían©Fiskifrétir

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 13. desember 2013 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 5. júní 2013 var Krían ÍS 105 á strandveiðum um 15 sml NV af Straumnesi. Veður: Logn.

Eftir fyrsta rek morgunsins ætlaði skipstjóri að kippa á veiðislóðinni en þá virkaði startarinn ekki. Ekki tókst að koma vélinni í gang og þegar líða tók að hádegi bað skipstjóri um aðstoð.

Þegar Rostungur ÍS 21 hafði lokið veiðum seinna um daginn kom hann og dró Kríu til Bolungarvíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjóri sagði að mótörinn í startaranum hefði ekki snúist þrátt fyrir að hann hafi skipt um kol í honum. Þegar komið var í land fór hann með startaranum í viðgerð og hann viti ekki hvað var að honum.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.